



Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands

Almennur stjórnarfundur

FUNDARGERÐ

Dags.	15. apríl 2017
Fundartími:	kl. 11.50
Fundarstaður:	Bjarmalandi 20, Sandgerði
Fundarstjóri:	Guðbjörg Hermannsdóttir
Fundarritari:	Kristín Holm
Fjöldi mætttra:	6: Kristín Holm, Guðbjörg Hermanns, Guðný Ólafsdóttir, Sunna Ingvarsdóttir, Íris Ebba Ajayi, Helga Karlsdóttir.

1. Vorsýningar Kynjakatta 2017

Vorsýningin rædd. Ágætis aðsókn var á sýninguna, rétt um 300 aðgöngumiðar seldir. Rósettur seldust eingin vel, en afkoman var tæpar 60 þús. kr. Margir kettir voru fjarverandi bæði á laugardegi og sunnudegi. Stjórn er sammála um að halda hefðbundið sýningarform á haustsýningu. Stjórn er sammála um að halda hana ekki aftur í reiðhöllinni Grindavík þar sem leigusali stóð ekki við umsaminn samning.

2. Aðalfundur 2017

Stjórn barst erindi frá nokkrum Maine Coon ræktendum þar sem farið var fram á að allar lagabreytingar um DNA rannsóknir væru felldar niður. Stjórn hefur því ákveðið að taka upp málið að nýju á aðalfundi en ætlar að halda kynningarfund þrem vikum fyrir aðalfund þar sem fjallað verður um genið MyBPC3. Félagsmenn geta því tekið upplýstari ákvörðun um að kjósa með eða á móti lagabreytingunni á komandi aðalfundi.

Þarf að fara að gana frá bókun fyrir sal fyrir aðalfund og einnig fyrir kynningarfundinn. Seinka þarf aðalfundi til 21. maí svo hægt sé að halda kynningarfundinn þrem vikum fyrir. Rætt um að hafa kynningarfundinn í opnu streymi á Facebook svo þeir félagsmenn sem komast ekki geti kynnt sér um hvað lagabreytingin snýst og geti kosið um hana á aðalfundi.

Nokkrir félagsmenn hafa komið því á framfæri við stjórn að tímasetning sýninga henti ekki vel, því hefur stjórn ákveðið að taka þetta mál upp á aðalfundi og heyra hvað fleiri félagsmönnum finnst.

Stefnt á virkja skemmtinefnd að nýju en einnig að bæta við fræðslunefnd. Kjósa þarf í þessar nefndir á aðalfundi. Einnig þarf að kjósa í nýja aganefnd.



Ganga þarf frá betri ársskýrslu með meiri sundurliðun fyrir aðalfund og er því stjórn sammála um að finna annan bókara til að ganga frá skýrslunni.

3. The International Cat Association

Nýr formaður TICA í Englandi hafði samband við Kynjaketti og vildi athuga hvort við vildum setja upp sýningu á Íslandi með TICA sýningarformati sem er heldur öðruvísi en FIFé sýningarformið. Þeir hafa boðist til að borga flug fyrir tvo dómara sem þyrfti að hafa á sýningunni. Sýningarstjóri og formaður ætla að taka video fund með formanni TICA til að fara betur yfir hvernig þeir sjá þetta fyrir sér. Þetta þyrfti að ræða einnig við félagsmenn á félagsfundi og athuga hvernig félagsmenn taka í þetta.

4. Haustsýningar Kynjakatta 2017

Stjórn ætlar að stefna að því að hætta að nota þrí prentuðu blöðin og geyma dóma með rafrænum hætti frá og með haustsýningu 2017. Það vantar því auka geymslurými og þyrfti að kaupa a.m.k. 1 TB disk fyrir félagið.

Muna eftir pissubökkum, plöst undir sýngarbúrin, ruslapokum, og hafa tunnur fyrir dósir og flöskur. Finna betri lausn fyrir rósettarnar t.d. strigaramma eða höldur og strengja band á milli. Fyrir næstu sýning þarf einnig að vera búíð að kenna fleirum að setja upp sýningarskrá svo verkið liggi ekki á einni manneskju.

Fá einnig fleiri rauða dúka frá Royal Canin fyrir haustsýningu.

5. Önnur mál

- Rósettarnar eru komnar sem pantaðar voru. Það þarf að skila þeim því þær eru illa gerðar og stóru rósettarnar eru ljótar. Litlu rósettarnar og stigarósettarnar eru fallegar, en sýningarstjóri vill skila öllum og fá endurgreitt, þar sem þetta er ekki það sem var pantað. Panta frá öðrum aðila næst.
- Símatími Kynjakatta ræddur. Þyrfti að skipta símatímanum á milli stjórnarmeðlima og hafa auglýstan símatíma Kynjakatta svo auðveldara sé fyrir félagsmenn og aðra að hringja.
- Sýningarstjóri óskar eftir að verða aðaltengiliður styrktaraðila.
- Íris Ebba Ajayi óskar eftir að vera í sýningarnefnd og fá að sjá um rósettarnar. Sunna Ingvarsdóttir óskar einnig eftir að vera í sýningarnefnd.
- Thelma dóttir Rósu Jóns er tekin yfir sem yfirdómþjónn.
- Rætt um að fá lögfræing til að setja upp kaupsamninga fyrir ræktendur, fresstollasaming og fleira sem hægt væri að eiga umsóknarblöð fyrir á vef Kynjakatta.

Fundi slitið kl. 15:09